

**Brjef landshöfðingja til stíptisyfirvaldanna yfir Íslandi um lán- 12**  
**tökuleyfi handa Rafnseyrarprestakalli.** Samkvæmt tillögum yðar, herra 20. febr.  
 amtmaður, og yðar, herra biskup, í brjefi, dags. 28. f. m., og beiðni hlutadeig-  
 anda, vil jeg hjermed veita samþykki mitt til þess, að kand. Böðvar Bjarnason,  
 er veitingu hefir fengið fyrir Rafnseyrarprestakalli, taki 1800 kr. embættislán  
 uppá prestakallið, til þess að byggja á prestssetrinu Rafnseyri tvíloftað íbúðar-  
 hús, 12×10 álnir, með flötu þaki, járnvarið að utan, en timburklæðning og pappi  
 undir járn, með steinlímdum grunni og kjallara, og að öðru leyti með því fyr-  
 irkomulagi, sem nánara er tekið fram í brjefi yðar. Húsið skal verða eign  
 prestakallsins og koma í stað þessara húsa: baðstofu, ganga, búrs og eldhúss,  
 skála, bæjardyra og frammistofu. Prestinum ber að halda húsinu í eldsvoða-  
 ábyrgð að minnsta kosti fyrir 3000 kr. Sömuleiðis ber honum að halda því við  
 og skila því á sínum tíma í gildu standi eða með fullu álagi. Helming láns  
 þessa skal eigi borga lántakanda fyr en það er áreiðanlega sannað með lög-  
 mætri skoðunargjörð, að hinum settu skilyrðum sje fullnægt. Að öðru leyti er  
 lántökuleyfið því skilyrði bundið að lánið borgist aptur á 24 árum með 75 kr. á  
 ári, og að vextirnir eigi nemi meiru enn 4½ af hundraði.

Þetta skal yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

**Brjef landshöfðingja til biskupsins yfir Íslandi um niðurlagning 13**  
**Hróarsholtskirkju.** — Eptir móttöku brjefs yðar, háæruverðugi herra, dag- 27. febr.  
 setts 19. þ. m., hefi jeg samkvæmt 4. gr. laga 27. febr. 1880 um skipun presta-  
 kalla, og að ráði yðar staðfest þá ákvörðun hlutadeigandi safnaðar, er hjerads-  
 fundur Árnasprófastsdæmis hefir samþykkt: 1. að Hróarsholtskirkja verði lögð  
 niður, þannig að eigendur Hróarsholts með hjáleigum haldi áfram að greiða  
 prestsmötugjald eins og verið hefir, en kirkjuhúsið með sjóði kirkjuunnar, orna-  
 mentis hennar og instruments, verði eign Hraungerðiskirkju. 2. Að Hróarsholts-  
 sókn verði sameinuð Hraungerðissókn, enda verði Hraungerðiskirkja stækkuð  
 svo sem með þarf sakir viðbótarinnar við Hraungerðissókn, en allar tekjur Hró-  
 arsholtskirkju skuli eptir niðurlagning hennar ganga til Hraungerðiskirkju.

Þetta er yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari birt-  
 ingar.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vesturamt- 14**  
**inu um sveitfesti þurfalings.** — Með brjefi yðar, dagsettu 18. þ. m., hafid þjer, 28. febr.  
 herra amtaður, sent hingað erindi hreppsnefndarinnar í Leiðvallarhreppi hinum

**14** forna, þar sem hún áfrýjar til mín úrskurði yðar, dagsettum 31. júlí f. á., um 28. febr. sveitfesti bóndans Sigurbergs Sigurðssonar í Fjósakoti.

Það er viðurkennt, að Sigurbergur þessi Sigurðsson hafi verið sveitlægur í Leiðvallarhreppi hinum forna, þegar hreppi þessum var skipt í 3 sveitarfjölög: Leiðvallarhrepp, Álptavershrepp og Skaptártunguhrepp, samkvæmt landshöfðingjabrjefi 29. maí 1885 (Stj.tíð. 1885, B, bls. 67). Það er eigi heldur neinn ágreiningur um það, að Sigbergur hafi þúið meir en 10 ár samfleytt í hinum núverandi Leiðvallarhreppi eptir skiptinguna.

Það sem því ræður úrslitum um sveitfesti Sigurbergs er það, hvort dvöl hans í Leiðvallarhreppi eptirskiptinguna hafi verið að öðru leyti þannig varið, að hann hafi unnið sjer þar sveit. Það verður að álitast sannað, að Sigurbergur hafi fengið styrk af sveitarsjóði Leiðvallarhrepps hins forna vorið 1888, 41 alin í korni og tólg. Það verður og að álitast viðurkennt, að árið áður hafi hreppsnefndin í sama hreppi ljeð Sigurbergi 6 ær, leigulaust; 2 af ánum skilaði hann aptur að 2 árum liðnum, en 4 ánum var óskilað af honum árið 1900, og hafði hann aldrei greitt neina leigu eptir ærnar. Vorið 1897 veitti hreppsnefndin í Leiðvallarhreppi Sigurbergi 16 kr. styrk úr sveitarsjóði, án þess að aðsjónargerð færi fram, og í nóvbr. s. á. veitti hún honum 22 kr. styrk, og enn vorið 1899 35 kr. 28 a. styrk. Uppi þetta hefir hann samt greitt aptur 10 kr. 50 a. Framlag það, er Leiðvallarhreppur krefur af Leiðvallahreppi hinum forna, er þannig 62 kr. 78 aurar.

Sýslumaðurinn í Skaptafellssýslu hefir í úrskurði sínum um málið ákveðið, að Sigurbergur skuli talinn sveitlægur í Leiðvallarhreppi hinum forna, með því að styrkveitingin af hálfu Leiðvallarhrepps 1897 hafi slitið sveitfesti hans þar, enda verði það að álitast sannað, þótt eigi hafi fram farið skoðunargjörð, að styrkur þessi hafi eigi verið veittur ófyrirsynju. Þjer hafid aptur á móti tekið það fram, að það sje alls eigi sannað, að Sigurbergur hafi notið árlega styrks af Leiðvallarhreppi hinum forna, og að hreppsnefndin í Leiðvallarhreppi, eptir því sem fram sje komið í málinu, hafi eigi rannsakað kringumstæður hans og skort, áður en hún veitti honum styrk 1897, en það sje með skýlausum orðum fyrirskipað í 9. gr. fátækrareglugjörðarinnar, að fátækrastjórar eigi að ganga úr skugga um skort hlutaðeiganda með rannsókn, áður en þeir álykti, hvort hann eigi að njóta styrks af fátækrafje. Því hafid þjer í ádurnefndum úrskurði yðar kveðið svo á um, að Sigurbergur skuli teljast sveitlægur í Leiðvallarhreppi.

Meðan Sigurbergur hefir endurgjaldslaust gagnið af þeim ám (6 fyrst og síðan 4), sem hreppsnefndin í Leiðvallarhrepp forna ljeði honum 1887, verður hann að minni skoðun að teljast njóta sveitarstyrks, og þegar af þeirri ástæðu virðist eigi hafa verið þörf sjerstakrar rannsóknar hjá honum vorið 1897, er kona hans beiddist sveitarstyrks, enda verður að álíta, að hreppsnefndin í Leiðvallahreppi hafi hlotið að vera vel kunnugt um hag hans.

Jeg verð því að álíta að dvöl Sigurbergs í Leiðvallarhreppi hafi eigi verið þannig varið, að hann gæti unnið sjer þar sveit.

Því úrskurdast hjermeð, að hann skuli vera sveitlægur í Leiðvallar,

hreppi hinum forna, er ber að endurgjalda Leiðvallarhreppi þann 62 kr. 78 a. 14 styrk, er Sigurbergi var veittur 1897 og 1899. 28. febr.

Þetta er yður, herra amtmaður, til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari birtingar:

**Staðfestings konungs** á skipulagsskrá fyrir legat geheimekonferensráðs C. Liebes, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðgjafanum fyrir Ísland 10. desbr. 1901. 15

Skipulagsskráin er þannig:

## Skipulagsskrá

fyrir

legat geheimekonferensráðs C. Liebes.

1. gr.

Sjóður þessi, sem fólgin er í höfuðstól, er nemur 10,000 kr. í Østifternes Kreditforenings Obligationer 7. Serie, ásamt 4% ársvöxtum af þeim frá 1. janúar 1901, er með ofangreindu nafni getinn af ekkju og börnum geheimekonferensráðs C. Liebes á 80. atmælisdegi hans 30. nóvember 1900, samkvæmt ósk, er hann áður fyrri hafði látið í ljósi, um að nokkrum hluta af eptirlátnum eigum hans skyldi verða verið til almennra hagsmuna, í því skyni, að vöxtunum verði verið til að styrkja eitthvað það, er miðar að framförum Íslands, einkum í efnalegu tilliti.

2. gr.

Sjóðurinn stendur undir stjórn landshöfðingjans yfir Íslandi.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins, að meðtöldum vöxtum fyrir tímann frá 1. janúar til 30. júní 1901, má eigi skerða og skal hann jafnan vera á vöxtum með sömu tryggingu, sem ákveðin er fyrir ómyndugra fje.

4. gr.

Vextina af höfuðstól sjóðsins borgar landshöfðinginn árlega til stjórnar Búnaðarfjelags Íslands og skal hún verja þeim til að styrkja landbúnaðarnemendur til að leita sjer frekari kunnáttu í atvinnugrein sinni í Danmörku eða öðrum löndum. Hún getur þó ráðið því, hvort vöxtunum er öllum verið þannig hvert ár, eða meir eða minna af þeim er geymt, til þess að síðar geti orðið verið í einu meiri styrk en vextirnir nema fyrir eitt ár.

5. gr.

Stjórn Búnaðarfjelagsins gefur landshöfðingja árlega skýrslu um hvernig hún hafi verið vöxtum sjóðsins.

6. gr.

Reikning sjóðsins og skýrslu um styrkveiting skal birta á ári hverju í B-deild Stjórnartíðindanna.

Reykjavík 5. nóvember 1901.

Landshöfðinginn yfir Íslandi

**Magnús Stephensen.**

**Jón Magnússon.**